

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Laugardaginn 10. janúar, 2004 - Menningarlíf

Der Spiegel fjallar um Tolla

Villtur og kröftugur málari



Mynd Tolla, Tvíburar (2003).

"ÍSLENSKIR tónlistarmenn eru á meðal þeirra bestu í heimi, leika með rómuðum sveitum og hafa meira að segja áhrif á popptónlistina. Íslenskir rithöfundar er lesnir um allan heim.

"ÍSLENSKIR tónlistarmenn eru á meðal þeirra bestu í heimi, leika með rómuðum sveitum og hafa meira að segja áhrif á popptónlistina. Íslenskir rithöfundar er lesnir um allan heim. En meðal myndlistarmanna standa þessir afkomendur víkinganna ekki í fremstu röð. Á þessu eru þó undantekningar: Thorlákur Morthens, sem um árabil hefur sýnt í Evrópu og Bandaríkjunum og hefur eignast kaupendahóp," segir í grein í nýjasta hefti hins víðlesna þýska tímrits *Der Spiegel*.

Þar er rakið að Tolla hafi unnið sem sjómaður og tónlistarmaður áður en hann lagði stund á myndlistarnám í Reykjavík og Berlín.

"Hann malar eins og Íslendingar semja tónlist: villt og kröftuglega. Ísland Tolla er æpandi landslag úr rauðu hrauni, bláu vatni og gulu sólskini. Mislitur heimur sem bíður eftir að kraftar náttúrunnar leysist úr læðingi. Og nú er komin út bók eftir Tolla: *Kalligraphie der Landschaft* (fagurfræði landslagsins). Þessum áhrifaríku myndum fylgir texti á þýsku, ensku og frönsku, sem íslenski jarð- og veðurfræðingurinn Ari Trausti Guðmundsson hefur samið," segir í grein *Der Spiegel*.

Slóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=774168

Skoðað: 2008-05-03 10:22

© mbl.is/Árvakur hf